

Bolungarvík 19. júní 2019

Tímabundið starfsleyfi

fyrir brennu **19. júlí 2019**

(Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 m.s.b. gilda einnig um starfsemina)

Leyfishafi; **Guðmundur Halldórsson** kt: 080377-3049

Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis hefur mótttekið umsókn Guðmundar Halldórssonar dags. 3. júní 2019, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi vegna brennu sem halda á 19. júlí 2019 í tengslum við Ögurball.

Umbeðið leyfi er veitt fyrir ofanskráða starfsemi með vísan í 17. gr. 7. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og kafla 10.7 um brennur af ýmsu tagi í fylgiskjali 2 við sömu reglugerð og með vísun í reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Umsækjandi: **Guðmundur Halldórsson** kt. 080377-3049

Ábyrgðaraðili: **Guðmundur Halldórsson** kt. 080377-3049

Staðsetning: **Ögur, Súðavík**

Kveikt í brennu klukkan: **23:00**

Gildis- og ábyrgðarsvið:

Leyfið tekur til brennu vegna Hamingjudaga á Hólmavík þann 29. júní 2018 með skilyrðum um að leyfishafi skuldbindi sig til að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, lögreglusamþykktá sem og neðangreindum skilyrðum:

Skilyrði:

- 1) Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi Sýslumanns Vestfjarða liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn Slökkviliðs.
- 2) Veitt er leyfi fyrir allt að **120** m³ að stærð enda sé stærð hennar í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins (nú

Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra. “Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”

- 3) Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- 4) Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olúfélagi. Í úrgangsolíu geta verið hættuleg spilliefni. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveikt er í og þegar brennan er í “fullu báli“ á ekki að hella meiri olíu á.
- 5) Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.
- 6) Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatur á borð við sorp, plast- og gúmmíefni (s.s. plastkassar, fiskkör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.
- 7) Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Brunamálastofnunar, Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og Ríkislögreglustjóra frá 7. desember 2000.
- 8) Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
- 9) Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

f.h. Heilbrigðisnefndar



Hlynur Reynisson
heilbrigðisfulltrúi